

Fundargerð 51. fundar

stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2019, föstudaginn 29. mars kl. 08:15 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar í Virkisbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gauti Jóhannesson, Baldur Smári Einarsson, Rebekka Hilmarsdóttir, Fannar Jónsson og Liv Aase Skarstad.

Að auki sat fundinn: Helga Guðrún Jónasdóttir sem einnig ritaði fundargerð.

Gestur fundarins undir 3. til 5. dagskrárlið er Vigdís Ósk Häsler Sveinsdóttir.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Starfsáætlun stjórnar 2019-2020 - 1811003SU

Mótaðar tillögur að starfsáætlun lagðar fram.

Stjórnarmönnum leist vel á framkomnar tillögur og var formanni og starfsminni falið að leggja aðgerðaáætlun fram á næsta stjórnarfundum með hliðsjón af umræðum fundarins.

2. Tillaga til aðalfundur um línuvinnun - 1811001SU

Staða málsins rædd ásamt næstu skrefum.

Formanni og starfsmanni falið að vinna áfram að málinu.

3. Frumvarp til umsagnar um fiskeldi (áhættumat, úthlutun elidssvæða o.fl.) 647. mál - 1903003SU

Drög að sameiginlegri umsögn með sambandinu um málið lögð fram til afgreiðslu. Vigdís Ósk Häsler Sveinsdóttir, fór í gegnum drögin með stjórnarmönnum.

Samþykkt að standa að sameiginlegri umsögn með sambandinu með framkomnum ábendingum.

4. Frumvarp til umsagnar um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó 710. mál - 1903002SU

Drög að sameiginlegri umsögn með sambandinu um málið lögð fram til afgreiðslu. Vigdís Ósk Häsler Sveinsdóttir, fór í gegnum drögin með stjórnarmönnum.

Samþykkt að standa að sameiginlegri umsögn með sambandinu með framkomnum ábendingum.

5. Frumvarp til umsagnar um stjórn fiskveiða 724. mál - 1903001SU

Drög að sameiginlegri umsögn með sambandinu um málið lögð fram til afgreiðslu. Vigdís Ósk Häsler Sveinsdóttir, fór í gegnum drögin með stjórnarmönnum.

Samþykkt að standa að sameiginlegri umsögn með sambandinu.

6. Aðild að samtökunum 2018-2020 - 1903004SU

Beiðni Akureyrarbæjar um aðild lögð fram til afgreiðslu og önnur aðildarmál rædd.

Umsókn samþykkt. Starfsmanni falið að bjóða bæjarfélagið velkomið í samtökin.

7. Önnur mál - 1811004SU

Engin önnur mál voru tekin fyrir.

Fundi var slitið kl. 09:45

Gauti Jóhannesson

Baldur Smári Einarsson

Rebekka Hilmarsdóttir

Fannar Jónsson

Liv Aase Skarstad